



Minnisblað

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsagnir um tilraunaverkefnið „fyrir í frístundaheimili“

Forsaga málsins:

Sumarið 2023 var gerð tilraun í leikskólum og frístundaheimilum við þrjá grunnskóla í Reykjavík að elstu börn leikskóla snúi ekki aftur í leikskóla eftir sumarfrí, heldur taki þátt í starfi frístundaheimilis fram að skólasetningu. Vonast var til að með því að opna frístundaheimilin og grunnskólana fyrir þennan hóp nýrra barna væri hægt að stuðla að því að þetta stóra skref barns frá leikskóla yfir í grunnskóla yrði sem ánægjulegast og þá gæfist starfsfólki frístundaheimila og grunnskóla rými til að mæta börnunum og foreldrum í næði áður en starf grunnskóla hæfist af fullum krafti. Einnig var bent á að hagræði geti verið af því að útskrifa elsta árgang leikskóla fyrir til að geta hugað að innritun og aðlögun nýrra barna í leikskóla eftir að sumarfríi lyki.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 22. janúar 2024 var lögð fram og kynnt skýrslan *Mat á tilraunaverkefni um dvöl barna á frístundaheimili í ágúst 2023 frá sumarlokun leikskóla fram að skólasetningu grunnskóla fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu*, dags. í nóvember 2023. Matið leiddi í ljós almenna ánægju foreldra og barna með verkefnið og starfsfólk taldi skipulag við opnunartíma, móttöku barna og matartíma hafa almennt gengið vel.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. febrúar 2024 var lögð fram tillaga um að hafa framhald á tilraunaverkefninu „fyrir í frístundaheimili“ sem var starfrækt s.l. sumar í þremur frístundaheimilum og bæta við fleiri starfsstöðum sumarið 2024. Auk þess að bæta við starfsstöðum myndi verkefnið byrja við skólalok grunnskóla í byrjun júní til skólasetningar í ágúst. Lokað yrði í 3 vikur í júlí og fyrstu viku í ágúst. Verkefnið snýr að börnum sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu haustið 2024. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að velja starfsstaði til að taka þátt í tilraunaverkefninu og útfæra nánar miðað við sumarlokun leikskóla og frístundaheimila. Leitað verði umsagna þeirra foreldra-/skólaráða sem tengjast þeim starfsstöðum sem veljast í tilraunaverkefnið. Verkefnið hefjist í júní 2024 og verði að því loknu metið og tekin ákvörðun um framhaldið.

Tillagan var samþykkt í borgarráði þann 14. mars 2024 og samþykkt á fundi borgastjórnar 19. mars 2024.

Umsagnir:

Alls skiluðu 20 aðilar inn umsögn um ofangreinda tillögu. Foreldraráð leikskólanna: Bakkaborgar, Klettaborgar, Seljaborgar og Seljakots, Hálsaborgar, Sunnufoldar, Brekkuborgar, Engjaborgar, Hamars, Funaborgar, Hulduheima og Laufskála. Skólaráð grunnskólanna: Hamraskóla, Norðlingaskóla, Rimaskóla, Breiðholtsskóla, Borgaskóla, Húsaskóla, Engjaskóla. Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva og félag leikskólakennara.



Foreldraráð Bakkaborgar

Í umsögn foreldraráðs Bakkaborgar kemur fram að verkefnið styrki börnin í flutningi sínum milli skólastiga og að meiri stöðugleiki verði í þjónustu frístundaheimila. Foreldraráðið bendir á að vistun frá kl. 8.30 sé of seint fyrir marga foreldra og að fyrirvarinn á þessari breytingu sé of stuttur vegna skipulags sumarleyfa foreldra og starfsmanna. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar foreldraráðs Bakkaborgar.

Foreldraráð Klettaborgar

Í umsögn foreldraráðs Klettaborgar kemur fram það sé hlynnt þessu tilraunverkefni "fyrir í frístund", hugmyndin sé góð, mikilvægt að prófa þetta og sjá hvernig til tekst. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar foreldraráðs Klettaborgar.

Foreldraráð Seljaborgar og Seljakots

Í umsögn foreldraráðs Seljaborgar og Seljakots kemur fram að fyrirkomulagið og hugmyndin á bak við þetta tilraunaverkefni sé flott og fulltrúar foreldraráðs almennt opnir fyrir hugmyndinni. Foreldrar sem tóku þátt í verkefninu í fyrra voru almennt ánægðir. Margir foreldrar sjá ókosti við skertari opnunartíma og að börnin þurfi að taka með sér nesti og velta því upp hvort að mögulegt sé að bjóða upp á mat í tilraunaverkefninu. Foreldraráðið telur heldur bratt að ætlast til að öll börn og foreldrar þeirra séu í stakk búin að taka þátt í þessu verkefni þetta vorið. Í framtíðinni mætti skoða kosti þess að samræma lokun leikskóla og frístundaheimila í Breiðholti og einnig kynna verkefnið með betri fyrirvara á næsta skólaári. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar foreldraráðs Seljaborgar og Seljakots.

Foreldraráð Hálsaborgar

Í umsögn foreldraráðs Hálsaborgar kemur fram að aðilar í foreldraráði séu sammála um að þetta sé spennandi verkefni og hlakka til að sjá það verða að veruleika. Mjög góð breyting að senda elstu börnin fyrir í frístund, eflandi fyrir börnin. Gefur þeim tækifæri til að kynna skólaumhverfinu og frístundarheimilinu í rólegum aðstæðum fyrir skólabyrjun. Veitir þeim meira öryggi þegar skólinn hefst. Einnig mikilvægt félagslega þar sem hópurinn nær að kynna í gegnum leik. Ábendingar bárust um að í tilraunaverkefninu þurfi börnin að koma með nesti en gjöldin haldist óbreytt. Vert væri að kanna að bjóða upp á aðkeyptan mat frá Matartímanum eða Skólamat. Einnig kom fram ábending sem snýr að opnunartíma en frístundin opnar klukkustund seinna en leikskólinn sem veldur mörgum fjölskyldum auka álagi. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar foreldraráðs Hálsaborgar.

Foreldraráð Sunnufoldar

Í umsögn foreldraráðs Sunnufoldar kemur fram að það sé jákvætt að börnin kynnist öðrum börnum í árganginum sem og skólanum sjálfum áður en þau hefja nám. Foreldraráðið er því móttfallið að frístundin hefjist frá útskrift í úr leikskóla í júní vegna þess að frístundaheimili frá og með júní er langur tími fram að skólabyrjun. Foreldraráðið bendir á mikilvægi þess að huga til framtíðar að boðið verði upp á fæði og vistunartíma frá kl. 8 á morgnana auk sundnámskeiðs sem leikskólinn hefur skipulagt í byrjun sumars á leikskólatíma. Einnig leggur foreldrafélagið til að lagt verði upp með að byggja áfram á gjaldskrá leikskólans til að tryggja jöfnuð og draga úr raski á fjárhag fjölskyldna. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar foreldraráðs Sunnufoldar.



Foreldraráð Brekkuborgar

Í umsögn foreldraráðs Brekkuborgar kemur fram að það fagnar þessu verkefni og hlakka til að sjá hver reynslan verður. Foreldraráðið bendir á að það sé stökk fyrir foreldra fjárhagslega að fara úr leikskóla yfir á frístundaheimili og þurfa einnig að sjá fyrir nesti. Mikilvægt að huga að systkinaafslætti ef yngra systkini er í leikskóla. Huga þurfi vel að börnum sem þurfa stuðnings í verkefninu. Einnig bent á mikilvægi þess að frístundaheimilið opni kl. 8. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar foreldraráðs Brekkuborgar.

Foreldraráð Engjuborgar

Í umsögn foreldraráðs Engjuborgar kemur fram að það styðji þetta verkefni. Gott er fyrir krakkana að kynnast aðstöðunni í skólanum og frístundarheimilinu áður en þau fara á fullu í skólastarfið. Foreldraráðið bendir á að kostnaður foreldra sé svipaður og ef barnið væri í leikskóla en að matur sé ekki innifalinn og að opnunartíminn kl. 8.30 sé of seint. Mikilvægt að systkinaafsláttur gildi áfram og að starfmaður leikskólans fylgi börnunum fyrst um sinn til að einfalda þeim þessa stóru breytingu. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar foreldraráðs Engjuborgar.

Foreldraráð Hamars

Í umsögn foreldraráðs Hamars kemur fram að því líst vel á hugmyndina. Taka undir það að það að hefja sumarfrístund í grunnskóla geti boðið nýjustu nemendum skólans upp á ánægjulega upplifun af því að fara úr leikskóla og yfir í grunnskóla. Gott að foreldrar hafi val um annað tímabilið eða bæði fyrir sitt barn eftir því hvort hentar viðkomandi fjölskyldu betur. Bent á mikilvægi þess að börnin fái heita máltíð í hádeginu því það getur reynst þungur baggi fyrir suma að nesta börnin sín með þrefalt nesti fyrir daginn. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar foreldraráðs Hamars.

Foreldraráð Funaborgar

Í umsögn foreldraráðs Funaborgar kemur fram að verið að ganga á rétt barnanna með því að stytta tíma barna á leikskóla (leikskóli er fyrsta skólastigið, lög um leikskóla, 2. gr. laga nr. 90/2008). Frístundarheimili er ekki skólastig og býður ekki upp á sömu menntunar-, umönnunar- og uppeldisumhverfi og leikskólar. Foreldraráðið tekur verkefnið óþarfa rót fyrir börnin bæði þau sem taka þátt í verkefninu og yngri börnin á leikskólanum vegna aðlögunar milli deilda meðal annars. Foreldraráðið hefur áhyggjur af mönnun verkefnisins og spyr hvort að hægt sé að nýta frístundastyrkinn og hvort að systkinaafsláttur gildi ekki áfram. Einnig nefnir foreldraráðið vistunartímann sem er ekki sá sami og í leikskólanum auk nestismála. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar foreldraráðs Funaborgar.

Foreldraráð Hulduheima

Í umsögn foreldraráðs Hulduheima kemur fram að foreldraráðið sammælist um að þetta sé mjög gott verkefni og hlakka til að heyra niðurstöður þessarar tilraunar í vetur. Teljum að þessi breyting, að senda útskriftaráganga leikskólanna fyrr á frístundaheimili, sé mjög eflandi fyrir börnin sem að um ræðir. Gefur börnunum tækifæri til að kynnast frístundarheimilinu sínu sem og skólaumhverfinu betur og öðlast þannig meiri sjálfstraust og jafnframt finna til meira öryggis þegar þau byrja svo í grunnskóla. Foreldraráðið vonar að þetta verði framtíðarlausn fyrir alla útskriftaráganga leikskólanna í Reykjavík og að öll 5-6 ára börn fái að njóta þessa frábæra tækifæris fyrir grunnskólagöngu sína. Ráðið bendir á að börnin séu vön að fá mat í leikskólanum en nú þurfi foreldrar að senda börnin með þrefalt nesti fyrir daginn og að það væri mjög gott ef hægt væri að samræma sumarfrí leikskólanna og sumarfrí frístundaheimilanna. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar foreldraráðs Hulduheima



Foreldraráð Laufskála

Í umsögn foreldraráðs Laufsskála koma fram áhyggjur af því að verkefnið hafi áhyggjur af sumarfrístund eldri barna, verkefnið valdi auknum kostnaði heimilanna og hafi áhrif á faglegt starf bæði í leikskólanum og frístundaheimilinu. Foreldraráðið telur að börnin séu ekki tilbúin í byrjun júní og telja betra að hafa sama fyrirkomulag og í fyrra þ.e. að byrja í sumarfrístund strax að lokinni sumarlokun leikskóla. Það muni vera hagur allra, að börnin nái að kynnast í gegnum leikinn áður en grunnskólinn byrjar. Stuttur fyrirvari er gagnrýndur svona breytingar á skóla- og frístundastarfi þurfi að tilkynna að hausti svo að starfsmenn hafi svigrúm til að aðlaga þær að skólastarfinu og geti upplýst foreldra elstu barna leikskóla í tíma svo þeir geti gert ráðstafanir ef þurfa þykir. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar foreldraráðs Laufskála.

Skólaráð Hamraskóla

Í umsögn skólaráðs Hamraskóla kemur fram að það telji verkefnið virkilega þarft framtak og að það verði vonandi í boði á fleiri stöðum til framtíðar. Einfaldar að koma nýjum börnum að á leikskóla á haustin og að nýir nemendur aðlagist örlítið að breyttu umhverfi áður en skóli hefst að hausti. Verður vonandi til þess að skipulagt starf hefjist fyrr í leikskólum borgarinnar og ekki sé aðlögun langt fram á haust. Bent á að huga þurfi að stuðningi barna með sérþarfir og að fyrirvarinn sé of skammur. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar skólaráðs Hamraskóla

Skólaráð Norðlingaskóla

Í umsögn skólaráðs Norðlingaskóla kemur fram að það sé mat skólaráðsins að verkefnið hafi staðið undir tilgangi sínum, með verkefninu verða skilin milli skólastiga mildari fyrir börnin með hag barnsins að leiðarljósi. Einnig dýrmætt tækifæri til að skapa góð tengsl á milli skólans og frístundar við börn og foreldra þeirra áður en grunnskólaganga hefst. Skólaráð vill koma á framfæri að mikil ánægja var með verkefnið hjá foreldrum, börnum og starfsfólki. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar skólaráðs Norðlingaskóla

Skólaráð Rimaskóla

Í umsögn skólaráðs Rimaskóla kemur fram að það sé mikilvægt að verkefnið taki ekki af fjármagni af lögbundnu hlutverki grunnskóla og að ef starfsfólk grunnskóla taki þátt í verkefninu geti það ekki tekið þátt í undirbúningi og námskeiðum sem skólinn stendur fyrir á haustin. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar skólaráðs Rimaskóla

Skólaráð Breiðholtsskóla

Í umsögn skólaráðs Breiðholtsskóla kemur fram að það fagnar verkefninu *Fyrr í frístund* þar sem að börnin fá að taka þátt í sumarstarfi frístundaheimilis og kynnast þannig enn betur umhverfi skólans. Verkefnið *Fyrr í frístund* var prufukeyrt í Breiðholtsskóla haustið 2023 og gekk mjög vel þrátt fyrir stuttan fyrirvara. Á því voru nokkrir annmarkar sem nú virðist vera búið að laga með betri undirbúningi. Skólaráðið leggur áherslu á mikilvægi þess að foreldrar borgi ekki meira fyrir *Fyrr í frístund* en þeir hefðu gert fyrir leikskólapláss. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar skólaráðs Breiðholtsskóla

Skólaráð Borgaskóla

Í umsögn skólaráðs Borgaskóla kemur fram að það fagnar því að verið sé að leita leiða til að leysa vanda sem blasir við foreldrum ungra barna hvað varðar pláss á leikskólum. Ábendingar eru gerðar fyrirkomulagið og stuttan fyrirvara á tilraunaverkefninu, sem ætti að hefast eftir verslunarmannahelgi þetta árið en keyra síðan allt sumarið 2025. Einnig bent á mikilvægi þess



að tilraunaverkefnið skerði ekki gæði sumarfrístundar fyrir eldri börnin, tryggja þurfi mönnun og að huga þurfi vel að stuðningsbörnum og börnum í viðkvæmri stöðu. Í Borgaskóla eru verðandi nemendur af leikskólum tíðir gestir í skólanum og fá þannig að kynnast skólastarfinu allt skólaárið. Gert er ráð fyrir að aðlögun verðandi nemenda gangi betur fyrir sig en ella vegna þess samstarfs sem hefur verið í gangi allt skólaárið. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar skólaráðs Borgaskóla

Skólaráð Húsaskóla

Í umsögn skólaráðs Húsaskóla kemur fram að skólaráðinu líst ágætlega á að leikskólabörnin séu aðlöguð fyrr inn í skóla með því að bjóða þeim að byrja í sumarfrístund. Ráðið bendi á það hafi áhyggjur af mönnun verkefnisins og hvort nægilegt rými sé til staðar í skólanum. Einnig að verkefnastaða skólans og frístundaheimilisins sé næg fyrir. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar skólaráðs Húsaskóla

Skólaráð Engjaskóla

Í umsögn skólaráðs Engjaskóla komur fram áhyggjur af opnunartíma tilraunaverkefnisins og að ekki sé í boði heit máltíð. Ráðið telur mikilvægt að áfram verði unnið að þeim faglegu verkefnum sem leikskólinn hefur verði að vinna með, kynna börnunum fyrir nærumhverfinu með ferðum, verkefnum sem styrkja bæði lærdóm og þau félagslega? Einnig að börnin fái kynningu á skólahúsnæðinu, stofunni sem þau koma til með að vera í og öðrum mikilvægu sem snýr að skólabyrjun barns. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar skólaráðs Engjaskóla

Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva

Í umsögn framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva kemur fram að þeir fagna allri umræðu er varðar hag barna og ungmenna og bættri þjónustu borgarinnar er tengist leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi. Tilraunverkefnið sé í raun annar áfangi í tilraun sem hófst sumarið 2023 sem framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva gerðu margar athugasemdir en búið er að koma til móts við margar þeirra athugasemda. Telja að starfsemin verði börnum til góða en hafa enn áhyggjur af praktískum atriðum s.s. mönnun verkefnisins, húsnæðismálum nú muni reyna á samvinnu um nýtingu húsnæðis í upphafi *Fyrr í frístundaheimili* þar sem starfsfólk grunnskólanna er að ljúka frágangi áður en það fer í sumarleyfi. Mikilvægt að kortleggja allar framkvæmdir í grunnskólunum og mögulega árekstra vegna þeirra við starfsemina. Framkvæmdastjórar benda á að taka þurfi tillit til þess að forstöðumenn frístundaheimila þurfi að fá svigrúm til að undirbúa vetrarstarf og sinna ráðningarmálum þegar starfsemin hefst aftur í ágúst auk þess að sinna daglegum rekstri. Eðlilegt væri að ekki sé talið á forstöðumenn yfir sumartímann þar sem þeir eru með yfirumsjón með starfi Sumarfrístundar fyrir 1. – 4. bekk sem og *Fyrr í frístundaheimili*. Þá mæðir mikið á þeim í ágúst að undirbúa vetrarstarf frístundaheimilanna og vinna að ráðningarmálum. Framkvæmdastjórar benda á að mikilvægt sé að formgera með hvaða hætti starfsfólk grunnskóla komi að aðlögun barnanna í skólastarfið sem og hvernig starfsfólk leikskólans fylgir börnunum fyrstu skrefin úr leikskólanum yfir í sumarstarfið. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva.

Félag leikskólakennara

Í umsögn félags leikskólakennara kemur fram að það styður heilshugar þann hluta tillagnanna að börn ljúki leikskólagöngu sinni við sumarlokun síns leikskóla og haldi svo að loknu sumarleyfi á vit nýrra ævintýra í frístund þess grunnskóla sem þau eru innrituð í. Með þessu gefst tækifæri til betri aðlögunar fyrir börnin á milli skólastiga, sem gerir þau öruggari fyrir grunnskólabyrjun. Einnig gefur það leikskólunum tækifæri til að undirbúa og hefja aðlögun



nýrra barna fljótlega eftir sumarlokun leikskólans. Hins vegar er ekki gott fyrirkomulag að börnin hefji sumarfrístund við lok grunnskólastarfs, þ.e. í byrjun júní. Við teljum það ekki nýtast leikskólunum að losa pláss á þessum árstíma þar sem aðlögun nýrra barna fyrir sumarfrí er ekki ákjósanleg að okkar mati. Mikið er um sumarfrí leikskólakennara og annars fastráðins starfsfólks á þessum árstíma og sumarafleysingafólk á staðnum. Félagið telur mikilvægt er að börnin fái aðlögun með þeim kennurum og starfsfólki sem mun sinna þeirra uppeldi og menntun í framhaldinu. Reynsla okkar af aðlögun fyrir sumarfrí hefur líka kennt okkur að mörg barnanna þurfa í raun að aðlagast að nýju eftir sumarfrí, þar sem 4 vikna sumarfrí er langur tími fyrir ung börn. Það er oft mjög erfitt fyrir þau að koma til baka eftir sumarfrí, mörg hver óörugg og lítil í sér, og það á sama tíma og önnur ný börn eru í aðlögun. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar félags leikskólakennara.